

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3428

Rekstraraðili Colas Ísland ehf. kt: 4201871499	Tegund starfsemi Malbikunarstöðvar	Starfsleyfisnúmer: Gildistími starfsleyfis 10. desember 2036
Starfsstöð Ammann 2	Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit	Dagsetning eftirlits 28. júlí 2026
Starfstöðvarnúmer: ET - 0470	Eftirlitsmaður Kristín Kröyer	Útgáfudagur skýrslu 19.ágúst 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
------------	--------

Björk Úlfarsdóttir

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit kom fram eitt nýtt frávik er varðar mengunarmælingar

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit með vettvangsheimsókn fór fram hjá rekstraraðila þann 28. júlí 2026 og fundi þann 14. ágúst 2026.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Við eftirlit var opið eitt eldra frávik er varðaði að magn kolmónoxíðs var yfir losunarmörkum starfsleyfis í mælingu sem fram fór árið 2023. Vegna þessa lét rekstraraðili stilla brennara vorið 2025. Einnig er búið að skipta um brennara, rafkerfi og stýribúnað í stöðinni. Engin mæling fór fram árið 2025 og mæling fyrir árið 2026 hefur enn ekki farið fram. Frávikðið er því ekki lokið.

Olíuskilja:

Staðsetning malbikunarstöðvarinnar er tímabundin, einungis lítill tvöfaldur olíugeymir er á staðnum og engin olíuskilja.

Umfang starfseminnar:

Samkvæmt starfsleyfi er heimilt að framleiða allt að 60 tonn/klst af malbiki í stöðinni. Einnig er heimilt að hafa við stöðina daggeyma fyrir starfsemina með fullnægjandi lekavörn. Samkvæmt upplýsingum í eftirliti getur stöðin framleitt um 55 tonn/klst og olíugeymirinn er tvöfaldur sem telst fullnægjandi lekavörn.

Mælingar og vöktun:

Í starfsleyfinu kemur fram að mælingar skuli gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í útblæstri. Einnig kemur fram í starfsleyfinu að skila skuli niðurstöðum mælinga til eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum. Engar mengunarmælingar voru framkvæmdar árið 2025 sem er frávik.

Afsogsloft og lykt:

Í starfsleyfi kemur fram að skorsteinninn skuli vera a.m.k 10 metra hár. Samkvæmt upplýsingum í vettvangsferð er skorsteinninn 10-12 metrar á hæð. Á fundinum þann 14. ágúst kom fram að rekstraraðili ætli að láta mæla hæð skorsteinsins næst þegar stöðin verður tekin niður.

Trygging vegna bráðamengunar:

Rekstraraðili gat sýnt staðfestingu á tryggingu í eftirlitinu.

Umhverfisupplýsingar:

Umhverfisupplýsingum var skilað til stofnunarinnar 27. apríl 2026.

Ársyfirlit:

Ársyfirliti fyrir árið 2025 var skilað til stofnunarinnar þann 29. apríl 2026.

Vettvangsskoðun:

Farið var í vettvangsskoðun þann 28. júlí 2026. Þá var stöðin staðsett í Botnsdal í Tálknafirði. Gengið var um svæðið sem var snyrtilegt, þó var nokkuð um ryk frá stöðinni.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávik skráð: 28. júlí 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi <i>Engar mælingar vegna losunarmarka voru framkvæmdar árið 2025.</i>	Opið

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.